

## IV. fundur

Fjórði fundur ETA deildar starfsárið 2006-2007 var haldinn þriðjudaginn 5. febrúar 2007 kl. 18:00 í Litlu Brekku.

1. Guðrún Hrefna setti fund.

2. Ingibjörg Símonardóttir kveikti á kertum.

3. Tilkynningar.

Guðrún Hrefna var með nokkrar tilkynningar um tilnefningar í stjórn og nefndir Landssambandsins. Eyrún Gísladóttir var tilnefnd áfram í stjórn Landssambandsins sem meðstjórnandi. Hafdís Sigurgeirsdóttir var tilnefnd í fjárhagsnefnd og Magnea Ingólfssdóttir í uppstillingarnefnd.

Guðrún Hrefna hvatti ETA konur til að taka þátt í 30 ára afmælisfagnaði DKG í Reykholti.

4. Stefnumörkun.

Guðrún Hrefna kynnti aðalefni fundarins sem var stefnumörkun ETA deildar sem átti rætur sínar að rekja til vinnu starfshóps sem fjallaði um tengsl við Landssambandið og ETA fundar í nóvember 2006. Hún gerði grein fyrir markmiðum og stefnumálum DKG og velti upp þeirri spurningu á hverju ETA ætti að byggja stefnu sína.

Í kjölfar skilmerkilegrar kynningar Guðrúnar Hrefnu voru settir á laggirnar umræðuhópar um þrjá þætti: Gildi, hlutverk og framtíðarsýn. Unnið var úr vinnu hópanna og umræðupunktur settir upp í skipurit. Það var almenn ánægja með þetta fyrirkomulag og höfðu margar deildarkonur á orði að vinnan hefði verið mjög gefandi og stjórn formanns á vinnunni verið til fyrirmyndar.

Málinu var síðan vísað áfram til stjórnar til frekari úrvinnslu. Plögg varðandi þessar umræður er að finna í skjölum deildarinnar.

Fundi slitið.

Auður Torfadóttir skráði.